# Meint árás á olíuflutningsskip í Ómanflóa. „Lygar, lygar og enn meiri lygar“




**Á fimmtudagsmorgni, þann 13. júní 2019 lentu tvö olíuflutningaskip í sjávarháska í Ómanflóa. Svo virðist að áður hafi verist ráðist á þau. Um er að ræða skipið Front Altair sem er í eigu norska skipafélagsins Frontline og um Kokuka Courageous, olíuskip í eigu japansks fyrirtækis en rekið er af stöð Hamborgska skipafyrirtækisins Schulte í Singapúr.**

Á fimmtudagsmorgni, þann 13. júní 2019 lentu tvö olíuflutningaskip í sjávarháska í Ómanflóa. Svo virðist að áður hafi verist ráðist á þau. Um er að ræða skipið Front Altair sem er í eigu norska skipafélagsins Frontline og um Kokuka Courageous, olíuskip í eigu japansks fyrirtækis en rekið er af stöð Hamborgska skipafyrirtækisins Schulte í Singapúr.
Á blaðamannafundi á fimmtudaginn fullyrti Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna – án þess að leggja nokkur sönnunargögn fram – að Íran beri ábyrgð á árásinni, byggt á upplýsingum leyniþjónustunnar. Á skut annars skipsins hafi fundist sprengjuhleðsla, líklega segulsprengja, er haft eftir stjórnvöldum USA . Stuttu seinna birti bandaríski herinn myndband sem á að sakfella íranska Byltingarvörðinn. Íranski Byltingarvörðurinn (IRGC) er sérsveit íranska heraflans sem starfar beint undir þjóðhöfðingjanum Ajatollah Ali Khamenei. USA-hersveitin (Zentralkommando) Centcom sem stýrir bandaríska heraflanum í Miðausturlöndum deildi myndskeiði sem sýndi hvernig bátur Byltingavarðarins sigldi að Kokuka Courageous. Í myndskeiðinu er samt eingöngu hægt að sjá hvernig menn um borð á hraðbáti komast upp að hlið olíuskips og virðast fjarlægja eitthvað þaðan. Myndskeiðið sýnir hvorki uppruna áhafnarinnar né vísa til segulsprengja.
Írönsk stjórnvöld vísa ásökunum á bug. Íranski utanríkisráðherrann Javad Zarif segir að það sé mjög „grunsamlegt“ að nákvæmlega sama dag og japanski forsætisráðherrann Shinzo Abe hitti íranska þjóðhöfðingjann Al Khamenei sé ráðist á japanskt skip. Á fundinum var fjallað um leiðir til að draga úr spennu á Persaflóasvæðinu.
Javad Zarif ásakaði USA fyrir að nota olískipa-tilfellið sem átyllu til þess að ástunda „Hermdarverka-diplomasíu“ gegn Íran. Með þessu meinar Zarif að öryggisráðgjafi bandaríkjanna John Bolton plani ekkert annað en stjórnaskipti í Íran og myndi jafnvel koma á stað stríðsátökum. „Með snefil af vísbendingum í höndunum, ásaka USA strax Íran“ var haft orðrétt eftir og utanríkisráðherranum.
Á meðan samstilltir fjölmiðlar halda að sér höndum og eru í forgrunni „hlutlausir“, tala óháðir fjölmiðlar hreint út.
Medea Benjamin meðstofnandi bandaríska anti-stríðshreyfingarinnar CodePink lýsti ræðu Pompeos sem „Déjà-vu“ hinnar alræmdu ræðu Colin Powells fyrrum utanríkisráðherra sem hann hélt hjá Sameinuðu þjóðunum 2003. Hún gerði útslagið að upphafi Írakstríðsins (www.kla.tv/12285). Orðrétt segir Benjamin á Twitter: „Pompeo utanríkisráðherra USA færir engar sannanir en stendur fast á því nú í morgun að Íran sé ábyrgt fyrir árásinni á skipunum í Ómanflóanum. Lygar, lygar og enn meiri lygar til þess að réttlæta stríð. Við skulum ekki láta blekkja okkur í annað hörmungarsríð!“

Charles Pierce frá bandaríska tímaritinu Esquire skrifaði eftir ræðu Pompeos að hann „muni ekki fyrir nokkurn mun kaupa þetta“. Tilvitnun: „Ég man eftir Írak lyginni. Ég veit að þessi ríkistjórn lýgur upp og ofan og beggja vegna frá.“
Trita Parsi stofnandi óríkisreknu félagasamtakanna National Iranian American Council, tísti á Twitter að bandaríski forsetinn væri „rað-lygari“. Og þar að auki sagði hann: „Stríðsáróðursinninn sem hjálpaði til að koma okkur í hið hræðilega Írakstríð og eyðilagði fjölmargar diplomatískar málamiðlanir er ráðgjafi þjóðaröryggisins.“
Manfred Petritsch, sem rekur netsíðuna „Alles Schall und Rauch“ (Ísl. Einungis innantóm orð) tekur þetta saman á eftirfarandi hátt: Fyrir Washington skipta sannanir engu máli, því ÖLL árásarstríð USA hafa verið grundvölluð á fullyrðingum og lygum.“
Sjáið einnig bandarísku heimildarmyndina „War made easy“ (Ísl: Stríð gert einfalt) – Þegar forsetar Ameríku ljúga“

**eftir dd**

## Heimildir:

https://www.jungewelt.de/artikel/356646.golf-von-oman-r%C3%A4tselraten-um-%C3%B6ltanker.html
http://alles-schallundrauch.blogspot.com/2019/06/zwei-tanker-vor-der-strasse-von-hormus.html
https://www.srf.ch/news/international/zwei-beschaedigte-tanker-raetselraten-um-zwischenfall-im-golf-von-oman
https://www.srf.ch/news/international/dominante-militaermacht-im-iran-was-ist-die-revolutionsgarde
https://www.srf.ch/news/international/zwei-tanker-beschaedigt-usa-veroeffentlichen-video-zu-mutmasslichem-oeltanker-angriff
https://www.commondreams.org/news/2019/06/13/deja-vu-iraq-war-lies-mike-pompeo-blames-iran-tanker-attack-without-single-shred
https://www.stuttgarter-nachrichten.de/inhalt.angriff-auf-tanker-im-golf-von-oman-deutsche-reederei-bestaetigt-angriff-ein-besatzungsmitglied-verletzt.38f303d9-fd35-40da-adcc-180bc5908483.html
https://www.onvista.de/news/reederei-crew-der-kokuka-courageous-auf-us-marineschiff-241611727

## Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

---

## Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...

- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.